

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

14. fundur stjórnar starfstímabilið 2011-2013

Haldinn 7. desember 2012 á skrifstofu íþróttafulltrúa Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Írena Óskarsdóttir (BH), Sigurjón Andersen (KK), Viðar Halldórsson (FH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Ragnar Hilmarsson (Þyrtur), Kristín Pétursdóttir (SH), Arnar Geirsson (Bjartur), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ingibjörg Gunnarsdóttir (HFH), Sigurður Ævarsson (Sörli). Forföll: Kristján Geir Mathiesen (AÍH), Anders Már Þráinsson (SÍH) og Þórarinn Sófusson (GSE).

Fundur settur kl. 19.00

1. Ferðasjóður íþróttafélaga

Aðildarfélög ÍBH voru hvött til að kynna sér sjóðinn og kanna hvort þær íþróttagreinar sem stundaðar eru í félögunum eigi rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum fyrir árið 2012. Á heimasíðu ÍSÍ er rafrænt umsóknarsvæði sem verður opið fram að miðnætti 7. janúar 2013.

2. Formannafundur ÍSÍ 23. nóvember 2012

Hrafnkell fór yfir helstu umræðuefni fundarins.

3. ÍBH-Alcan-Hafnarfjörður úthlutun

Yfirlitsblað með skiptingu sjóðs vegna íþróttastarfs 16 ára og yngri sem byggir á samningi milli ÍBH, fyrirtækisins Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbæjar lagt fram til kynningar. Um er að ræða seinni úthlutun ársins 2012 og er heildarupphæðin kr. 6.000.000 sem skiptist milli félaganna út frá þjálfaramenntun og námskrám.

4. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðar 2012

Skrifstofa ÍBH hefur kallað eftir gögnum frá aðildarfélögunum fyrir hátíðina og var skilafrestur þeirra 26. nóvember sl. Hátíðin fer fram föstudaginn 28. desember nk, seinni part dags og verður auglýst nánar síðar. Félögin verða að sjá til þess að þeir sem eru tilnefndir mæti og veiti viðurkenningum sínum viðtöku, íþróttaiðkendur eru hvattir til að vera í félagsgöllum og vera alla hátíðina.

5. Afreksmannasjóður ÍBH óskað eftir umsóknum um afreksstyrki fyrir árið 2012

Félögin minnt á að sækja um afreksstyrki vegna þátttöku á EM/HM/ÓL í fullorðinsflokki árið 2012. Skilafrestur umsókna er mánudagurinn 10. desember 2012. Úthlutun afreksstyrkjanna fer fram í janúar 2013 við athöfn þar sem einnig verður farið yfir Afreksmannasjóðinn 2012.

6. ÍSÍ bikar

Umsóknir kynntar og handhafi bikarsins 2012 valinn. ÍSÍ bikarinn verður afhentur 28. desember nk á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar.

7. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- Bréf frá Lyftingasambandi Íslands um lyftingaping 15. desember 2012 hjá ÍSÍ Reykjavík.
- Bréf frá ÍSÍ um hádegisfund 13. desember 2012 hjá ÍSÍ í Reykjavík.

8. Önnur mál

Enginn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 20.05.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir

